


RANGÁRVELLIR- DEILISKIPULAG BREYTING Á REIT 1.42.10 I

Endurnýtingar- og umhleðslusvæði



DEILISKIPULAGSGREINARGERÐ

GREINARGERÐ, SKILMÁLAR.

1. Almenn atriði

Í þessari greinargerð er kynnt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Rangárvalla, sem samþykkt var í Bæjarstjórn Akureyrar 31. júlí 2008 og B-deild 23 júní 2009). Skipulagssvæðið liggur norðan Hlíðarfjallsvegar, austan Síðubrautar, vestan Rangárvalla og sunnan Liljulundar og er ein lóð, 25.596,9 m² að stærð. Skipulagstillagan er gerð skv. fyrirhugðum breytingum eftir gildistöku núgildandi deiliskipulags. Núgildandi deiliskipulag er óbreytt að öðru leyti en því sem breyting þessi nær til.

Helstu breytingar frá núgildandi deiliskipulagi eru eftirfarandi:

1. Gatnatengingu frá Hlíðarfjallsvegi er hliðrað ca 28 m til austurs.
2. Flokkunarstöð sem vera átti vestast á lóð og lagersvæði er víxlað.
3. Byggingarreitir eru sameinaðir og stækkaðir í einn byggingarreit til að mæta breytingum á sviði endurvinnsluiðnaðar og væntanlegri þörf fyrir frekar byggingar og mannvirki á lóðinni.
4. Jarðvegsmon verður komið upp á lóðarmörkum að vestan meðfram Síðubraut og vestast á lóðarmörkum að sunnan meðfram Hlíðarfjallsvegi.

Svæðið tengist gatnakerfi Akureyrar frá Rangárvöllum, Síðubraut og Hlíðarfjallsvegi. Lóðarmörk meðfram Hlíðarfjallsvegi eru dregin 12 m frá miðlínu vegar skv. kröfu Vegagerðarinnar. Lóðarmörk meðfram Síðubraut eru 10,5 m frá miðlínu og 7 m frá miðlínu Rangárvalla. Skipulagsmörkin eru dregin í miðlínunum Hlíðarfjallsvegar og Síðubrautar og 2 m utan lóðarmarkna að norðan og að austan, meðfram Rangárvöllum.



Skipulagssvæðið áður en framkvæmdir hófust, séð til norð austurs

Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði nr. 1.42.10 I í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018.

Landið er eignarland í eigu Gámaþjónustu Norðurlands ehf sem gerir tillögu til Akureyrarbæjar að breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 38. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.


Á lóðinni eru hafnar framkvæmdir við 1. og 2. áfanga móttöku- og flokkunarhúss skv. gildandi deiliskipulagi. Lóðin er að öðru leyti óbyggð, en yfir austurhluta hennar liggur háspennulína 132 kv og austan hennar í lóðarmörkum meðfram Hlíðarfjallsvegi og Rangárvöllum liggja þrír háspennustrengir í jörðu, tveir 11 kv og einn 66 kv, eins og sýnt er á uppdrætti.

2. Starfsemi

Á svæðinu ætlar fyrirtækið að koma upp aðstöðu til flokkunar á úrgangi til endurvinnslu eða förgunar auk þess sem áætlað er að reka hefðbundna starfsemi varðandi útleigu á gámum og þ.h. Starfsemin felst aðallega í því að á svæðinu verður móttöku- og flokkunarsvæði fyrir endurvinnanlegan úrgang og spilliefni frá einstaklingum og fyrirtækjum. Meðal endurvinnsluúrgangs má t.d. nefna pappír, bylgjupappa, timbur, málma, rúllubaggaplast, bíldekk o.s.frv. Þessi úrgangur er síðan flokkaður og/eða baggaður innanhúss og settur í gáma til brottflutnings. Engin bein endurvinnsla né förgun verður á svæðinu. Gert er ráð fyrir að lóðarmörk í vestri meðfram Síðubraut og vesturhluti lóðarmarka að sunnan meðfram Hlíðarfjallsvegi verði afmörkuð með jarðvegsmön, lóðin verði girt af og meðfram girðingu verði plantað trjágróðri sem muni hindra innsýn þegar fram líða stundir. Mikil áhersla verður lögð á að fyrirhuguð starfsemi valdi ekki mengandi umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin eins og henni er lýst hér að framan falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum skv. fyrirspurn sem send var stofnunni við gerð núgildandi deiliskipulags vegna ákvæða í greinargerð með Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018.


3. Landnotkun

Á austurhluta lóðarinnar, vestan við helgunarsvæði raflína, er fyrirhuguð flokkunarstöð (gámasvæði) eða móttökuplan fyrir minni farma fólksbíla og minni sendibíla. Þar geta almenningur og fyrirtæki komið með flokkaðan úrgang og sett í mismunandi gáma eftir tegund og eðli úrgangs.



Flokkunarstöð

Úrgangur verður vigtaður við móttöku við sérstakt þjónustuhús í tengslum við flokkunarstöð (móttökuplan), en þar verður einnig skrifstofu og starfsmannaaðstaða.



Vigtarskúr

Vestan flokkunarstöðvar er áformuð bygging fyrir flokkun og böggun á stærri förmum. Í þeirri byggingu er einnig gert ráð fyrir geymslu- og minni háttar verkstæðisaðstöðu fyrir vélar og tæki, sem tengjast starfseminni.

Á vesturhluta lóðarinnar eru lager- og geymslusvæði. Þar er einnig gert ráð fyrir byggingarmöguleikum til framtíðar til að mæta aukinni starfsemi eða breytinga í endurvinnsluiðnaði. Lagersvæðið er ætlað fyrir úrgang í stærri förmum, t.d. bíldekk, timbur o.s.frv., sem bíða flokkunar og böggunar.

Gámasvæðið austast á lóðinni er ætlað sem lagersvæði fyrir gáma til útleigu. Milli flokkunarstöðvar og gámasvæðis er helgunarsvæði háspennulínu, sem þverar austurhluta lóðarinnar. Ekki er gert ráð fyrir neinni nýtingu á helgunarsvæðinu vegna þeirra takmarkana sem á því hvíla af hálfu Landsnets, sem er eigandi og rekstraraðili línunnar.

4. Umhverfisskýrsla:

- **Inngangur**

Deiliskipulagstillagan hefur breytingu á deiliskipulagi Rangárvalla (B-deild 23. júní 2009) í för með sér, en er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 m.s.b. Starfsemi á svæðinu er í samræmi við almenna stefnu sveitarfélaga um meðferð úrgangs og einnig skv. stefnumótun ríkisstjórnarinnar, Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, grein 13, um minnkun og bættu meðhöndlun úrgangs.

- **Staðarval:**

Við staðarval voru eftirfarandi þættir hafðir í huga: Starfsemin hefði ekki truflandi áhrif á umhverfið og að lóðin væri í góðum tengslum við umferðarkerfið, þar sem miklir þungaflutningar eru til og frá svæðinu, en starfssvæði fyrirtækisins nær yfir Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur. Við staðarval komu til álita iðnaðarlóðir á Akureyri og lóð í Hörgárbyggð. Þær lóðir sem í boði voru hjá Akureyrarbæ voru of litlar og lóðin í Hörgárbyggð hentaði illa sökum jarðvegsdýpis. Miðað við þá kosti sem í boði voru var talið að fyrirtækinu hentaði best það svæði sem hér um ræðir auk þess sem fyrirtækinu bauðst að kaupa landið, sem einnig hafði áhrif á staðarvalið.

- **Landhættir**

Lóðin hallar frá vestri til austurs. Hún er á gömlu grónu túni sem í seinni tíð hefur verið notað sem beitarland fyrir hross. Jarðvegsdýpi er nokkuð á austurhluta lóðarinnar en grynkar þegar vestar dregur. Staðsetning mannvirkja á lóðinni tekur mið af þessu. Tillaga er gerð að staðsetningu húsa og tilheyrandi mannvirkja á vestur- og miðhluta lóðarinnar en plönun og lagersvæðum þar sem jarðvegsdýpi er meira. Engar fornminjar né skráðir minjastaðir eru á svæðinu.

- **Umhverfisþættir**

Lögð er áhersla á að starfsemin falli sem best að umhverfinu og að byggingar og mannvirki verði aðlöguð að landi eins og kostur er. Þá verður lögð áhersla á vandaðan lóðarfrágang og ræktun þess hluta lóðarinnar sem ekki fer undir byggingar eða mannvirki. Mengunarhætta af starfseminni er talin lítil. Ekki er um neina loftmengun að

ræða en helsta mengunarhættan stafar af meðferð á spilliefnum. Einnig er ákveðin hættu á sjónmengun, en henni verður mætt með því að gróðursetja trjáplöntur og annan fljótsprottinn gróður á lóðarmörkum og í jarðvegsmanir til þess að draga úr innsýn á lóðina og einnig með þann tilgang í huga að veita skjól sem mun m.a. draga úr fokhættu. Sérstök krafa verður gerð við meðhöndlun stærri farma sem bíða meðferðar á lagersvæði m.t.t. eld- og fokhættu. Líkur á hávaðamengun eru hverfandi í samanburði við það sem vænta má frá iðnaðarsvæðum. Helst má þó búast við einhverjum hávaða vegna færslu á gámum á flokkunarstöð og frá vinnuvéla- og bílaumferð.

- **Mengunarhætta**

Eins og áður segir er helsta mengunarhættan talin stafa af meðferð á spilliefnum og hugsanlega einhver frá úrgangsefnum sem slæðast með óflokkuðum úrgangi. Hættan felst aðallega í því að spilliefni berist út í jarðveg eða frárennsliskerfi. Þeirri mengunarhættu verður mætt með tilheyrandi varnarbúnaði t.d. í frárennsliskerfinu til að mæta óvæntum óhöppum auk þess sem framkvæmdum verður hagað í samræmi viðkomandi lög og reglugerðir. Starfsemin er háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Hún heyrir undir Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnustarfsemi, sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999.

Meðal annarra laga og reglugerða sem starfsemin heyrir undir má nefna:
Skrá yfir spilliefni og annan úrgang, reglugerð nr. 184/2002 með breytingum nr. 428/2003.

Reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 með breytingum nr. 169/2002

Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja

5. Húsagerðir og mannvirki á lóð

Lóðarstærð er 25,596,9 m². Hámarks nýtingarhlutfall á lóð er skilgreint 0,13 sem heimilar byggingarmagn allt að 3,327,6 m²

Hús fyrir flokkun og böggun: Stærsta bygging á svæðinu er ætluð fyrir flokkun og böggun. Í henni er einnig gert ráð fyrir geymslu- og minni háttar verkstæðisaðstöðu fyrir vélar og tæki, sem tengjast starfseminni. Áætlað er að byggingin verði á einni hæð með mikilli lofthæð og millilofti í einu rammabili.

Heildargólfloftur byggingarinnar er áætlaður ca 1.735 m², stærð á millilofti ca 210 m², hámarks vegghæð 10 m og mesta hæð 15 m yfir leiðsögukóta. Framkvæmdir eru langt komnar við 1. áfanga byggingarinnar og einnig eru hafnar framkvæmdir við 2. áfanga skv. gildandi deiliskipulagi.

Þjónustubygging: Í tengslum við flokkunarstöð er gert ráð fyrir þjónustubyggingu úr smáhýsaeiningum á 1-2 hæðum fyrir móttöku, skrifstofu- og starfsmannaaðstöðu. Hámarks byggingarmagn á hvorri hæð er áætlað 180 m², samtals 360 m², hámarks vegghæð 6,0 m og mesta hæð 8,0 m yfir leiðsögukóta.

Gámasvæði: Innan byggingarreits er afmarkað svæði fyrir langtíma stöðu fyrir gáma til lestunar og losunar.

Framtíðarmöguleikar: Byggingarreitur er afmarkaður þannig að hann uppfylli þarfir fyrirtækisins varðandi nýjar byggingar og mannvirki til nánustu framtíðar í þeim tilgangi að mæta aukinni starfsemi eða breytingum í endurvinnsluiðnaði.

Um byggingar og mannvirki á lóðinni gilda öll ákvæði laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulags- og byggingarlög, byggingarreglugerð, skipulagsreglugerð, lög um brunavarnir, íslenskir staðlar eftir því sem við á og önnur þau lög og reglugerðir, sem viðkomandi byggingar og mannvirki heyra undir.

6. Bílastæði

Á skýringarupprætti er gerð grein fyrir 29 bílastæðum fyrir starfsmenn og viðskiptavini. Þetta svarar til ca. eins bílastæðis á hverja ca 80 m² gólfplatá á því húsnæði sem fyrirhugað er að byggja á næstunni. Vegna eðlis starfseminnar, og þar sem stór hluti lóðarinnar er lagersvæði, er ekki gerð krafa um fleiri bílastæði miðað við þær byggingarframkvæmdir sem nú eru á döfinni. Verði um frekar byggingarframkvæmdir að ræða skal miða við sama bílastæðahlutfall. Heimilt er þó að bregða frá þessari reglu ef frekari byggingarframkvæmdir kalla ekki á aukinn starfsmannafjölda eða aukna umferð viðskiptamanna.

7. Kvaðir og takmörk

Mörk eignarlands lóðarhafa eru í miðlínu Hlíðarfjallsvegá. Lóðarmörk eru hins vegar dregin í 12 m fjarlægð frá miðlínu vegarins vega kröfu Vegagerðarinnar um helgunarsvæði, eins og áður hefur komið fram. Fyrir liggur þríhliða samkomulag dags 17. desember 2007 milli Gámaþjónustunnar hf (Gámaþjónustu Norðurlands ehf), Vegagerðarinnar og Akureyrarbæjar varðandi hugsanlega lóðarstækkun, ef breyting yrði á legu Hlíðarfjallsvegá.

Háspennumöstur og raflínur Landsnets liggja að hluta til yfir lóðina. Lóðarhafa ber skylda til að taka tillit til þessara mannvirkja auk 25 m breiðs helgunarsvæðis, sem Landsnet hefur gert kröfu um. Kvöð þessi fellur niður þegar línan verður lögð í jörðu eins og ákvæði eru um í áður samþykktu deiliskipulagi.

Á austur lóðarmörkum liggja jarðstrengir Landsnets og RARIK og er helgunarsvæði þeirra sýnt á upprætti. Öll mannvirkjagerð á svæði því sem jarðstrengirnir liggja um er óheimil nema að höfðu samráði við fyrrgreinda aðila.

Meðfram lóðarmörkum er lóðarhafa skylt að girða af lóðina með 2 m hárrí mannheldri girðingu og gróðursetja 2 m breitt trjábelti meðfram henni eins og sýnt er á deiliskipulagsupprætti. Girt verði í 2 m fjarlægð frá lóðarmörkum, nema að norðan, austan og suðaustan, þar verði girt á lóðarmörkum.

Hæð á jarðvegsmönnum skal vera 1,5 m yfir hæð miðlínu aðliggjandi gatna (Hlíðarfjallsvegur og Síðubraut). Gróðursetja skal runna eða annan fljótsprottinn gróður í jarðvegsmanir til að hindra fok út af svæðinu og til þess að fegra ásynnd þess á lóðarmörkum.

8. Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. 43. gr.


Skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

Skipulagsnefnd _____ 2012 og í


Bæjarstjórn Akureyrar _____ 2012

Bæjarstjórinn á Akureyri

B-deild Stjórnartíðinda



RANGÁRVELLIR, TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI REITS 1.42.10 I (ASAK 2005-2018 m.s.b.)



SNID A-A

SKÝRINGAR:

Skýringarupplýsingar þessi hefur ekkert lögmlegt gildi og er ásamt hæðarkötum aðeins til löbbeiningar

**RANGÁRVELLIR - DEILISKIPULAG
BREYTINGAR Á REIT 1.42.10 I - TILLAGA**

SKÝRINGARUPPDRATTUR


Mælikvæði: 1:1000, 1:10000

Dagur: 20.12.2011


Þjarni Reykjalín, arkitekt og byggingarteknifræðingur (070)49-3469

02

Arkitektúr og ráðgjöf ehf., Kaupangli VM/Varveg, 800 Akureyri, símar: 462 8070/861 4456



ADALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018
MKV.: 1:10.000



ADALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018
MKV.: 1:10.000

SKÝRINGAR:

- P UUUUUU Bilastæði
 - F=25.596,9 m² Nýtingarhlutféll 0,13
 - — — — — Mörk skipulagsvæðis.
 - — — — — Gírding, 2 m há og 2 m innan löðarmörkum að vestan og sumnan og á löðarmörkum að austan og norðan (Kvöð)
 - — — — — Löðarmörk
 - — — — — Háspennustrengir
 - — — — — Lotflina (R)
 - — — — — Göngusigur - nákvæm staðsetning ekki ákveðin
 - — — — — Byggingarrellur, nánar skilgreindur í greiðargerð
 - — — — — Helgumarsvæði háspennulínu og jarðstrengja
 - — — — — Trjábelti, 2 m breitt á löðarmörkum (Kvöð)
 - — — — — Gróursvæði, Öbyggt svæði almennr útlitarsvæði
 - — — — — Plön og aksturstaðir innan löðar
 - — — — — Motókuplan fyrir endurvinnsluöngang
 - — — — — Geymslu- og lagervæði
 - — — — — Jarðvegsmön
 - — — — — starfsemi | mesta vegg hæð lengihlóa
 - — — — — þakfall | hámarks hæð mannvirkja
 - — — — — I= lönaður
- Deiliskipulag þetta, sem sagt lýst hefur verið skv. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í skipulagsnefnd _____ 2012 og í Bæjarsjófn Akureyrar _____ 2012

Bæjarsjófnin á Akureyri

B-deild

Uppdrætt þessum fylgir eining greiðargerð og skýringarupplýsingar, sem er hluti af deiliskipulagsáætlunum.

**RANGÁRVELLIR - DEILISKIPULAG
BREYTINGAR Á REIT 1.42.10 I - TILLAGA**


DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR

Mælikvæði: 1:1000, 1:10000


Dagur: 20.12.2011

Bjarni Røykhljón, arkitekt og byggingartæknifræðingur (070149-3468)

Arkitektúr og ráðgjafi ehf., Kaupvangi v/Nýrarveg, 600 Akureyri, símar: 462 6070861, 4456



RANGÁRVELLIR, GILDANDI DEILISKIPULAG REITS 1.42.10 I (ASAK 2005-2018 m.s.b.)



RANGÁRVELLIR, TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI REITS 1.42.10 I (ASAK 2005-2018 m.s.b.)

VST20100700159
8.14.1



Fylgiskjal 2
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Gámaþjónusta Norðurlands ehf.,
Fjölnisgötu
603 AKUREYRI

Akureyri, 26. janúar 2012
2011040021 / 09-230

Efni: Rangárvellir - deiliskipulagsbreyting á reit 1.42.10 I

Skipulagsnefnd hefur á fundi sínum þann 25. janúar 2012 gert eftirfarandi bókun:

Erindi dagsett 5. apríl 2011 þar sem Bjarni Reykjalín f.h. Gámaþjónustu Norðurlands ehf., kt. 481287-1039, óskar eftir samþykki skipulagsnefndar fyrir breyttu deiliskipulagi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi móttokin 19. janúar 2012.

Helstu breytingar frá núgildandi deiliskipulagi eru eftirfarandi:


1. Gatnatengingu frá Hlíðarfjallsvegi er hliðrað upp. 28 m til austurs.
2. Byggingarreitir eru sameinaðir og stækkaðir í einn byggingarreit til að mæta breytingum á sviði endurvinnsluðnaðar og væntanlegri þörf fyrir frekari byggingar og mannvirki á lóðinni.
3. Jarðvegsmön verður komið upp á lóðarmörkum að vestan meðfram Síðubraut og vestast á lóðarmörkum að sunnan meðfram Hlíðarfjallsvegi.

Skipulagsnefnd leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Pétur Bolli Jóhannesson
Skipulagsstjóri



Afrit: Bjarni Reykjalín



Fylgaskjal 2 - Ph.

Jón H. Steingrímsson

From: Ingi Arason
Sent: 8. febrúar 2012 14:29
To: Halldór R Gíslason; Benóný Ólafsson; Sveinn Hannesson; Arngrímur Sverrisson
Cc: Jón H. Steingrímsson; Elías Ólafsson
Subject: FW: úr fundargerð bæjarstjornar

From: Helgi Pálsson
Sent: 8. febrúar 2012 14:03
To: Ingi Arason
Subject: úr fundargerð bæjarstjornar

Sæll til upplýsingar:

Rangárvellir - deiliskipulagsbreyting á reit 1.42.10 I

2011040021

2. liður í fundargerð skipulagsnefndar dags. 25. janúar 2012:

Erindi dags. 5. apríl 2011 þar sem Bjarni Reykjalin f.h. Gámaþjónustu Norðurlands ehf, kt. 481287-1039, óskar eftir samþykki skipulagsnefndar fyrir breyttu deiliskipulagi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi móttækin 19. janúar 2012.

Helstu breytingar frá núgildandi deiliskipulagi eru eftirfarandi:

1. Gatnatengingu frá Hlíðarfjallsvegi er hliðrað upp. 28 m til austurs.
2. Byggingarreitir eru sameinaðir og stækkaðir í einn byggingarreit til að mæta breytingum á sviði endurvinnsluiðnaðar og væntanlegri þörf fyrir frekari byggingar og mannvirki á lóðinni.
3. Jarðvegsmön verður komið upp á lóðarmörkum að vestan meðfram Síðubraut og vestast á lóðarmörkum að sunnan meðfram Hlíðarfjallsvegi.

Skipulagsnefnd leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar með 11 samhljóða atkvæðum.

kveðja

Helgi Pálsson
Rekstrarstjóri
Sími:4140200/6602870





Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Gámaþjónusta Norðurlands
Fjölhnisgötu 4a
603 Akureyri

Akureyri, 27. apríl 2012
2011040021 / 09-230

Efni: Rangárvellir - deiliskípulagsbreyting á reit 1.42.10 I

Skipulagsnefnd hefur á fundi sínum þann 25. apríl 2012 gert eftirfarandi bókun:

Erindi dagsett 5. apríl 2011 þar sem Bjarni Reykjalin f.h. Gámaþjónustu Norðurlands ehf., kt. 481287-1039, óskar eftir samþykki skipulagsnefndar fyrir breyttu deiliskípulagi.

Tillagan var auglýst þann 15. febrúar og var athugasemdafrestur til 28. mars 2012. Skipulagsgögn voru aðgengileg á heimasíðu skipulagsdeildar og í þjónustuannddyri Ráðhúss. Ein athugasemd barst.

1) Hildur Hrólfsdóttir f.h. Landnets hf. vekur athygli á eftirfarandi þáttum:

a) Stæða nr. 602 í Kröflulínu stendur innan girðingar á lóð Gámafélagsins og mjög nærri fyrirhugaðri veglínu. Landsnet gerir kröfu um að öryggi stæðunnar verði tryggt gagnvart umferð um svæðið.

b) Lögð er áhersla á að helgunarsvæði línunnar verði virt, vegna öryggis þeirra sem um lóðina fara og rekstraröryggis línunnar.

Umsögn barst í tölvupósti 5. mars 2012 frá Fornleifavernd ríkisins, Sigurði Bergsteinssyni, sem ekki gerir athugasemd við tillöguna.

Ekki eru ráðgerðar neinar breytingar á helgunarsvæði línunnar í tillögunni. Lóðarhafa ber að tryggja öryggi stæðunnar nr. 602 gagnvart umferð innan lóðarinnar.

Skipulagsnefnd leggur til við bæjarstjórn að deiliskípulagstillagan verði samþykkt og skipulagsstjóra falið að annast gildistöku hennar.

Gjald vegna umsýslu- og auglýsingakostnaðar, v. auglýstra breytinga á deiliskípulagi, greiðist skv. gjaldskrá sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 6. desember 2011, að upphæð kr. 133.690,- og greiðist skv. meðfylgjandi greiðslusedli með 30 daga gjaldfresti.



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Pétur Bolli Jóhannesson
Skipulagsstjóri



Afrit: Arkitektúr og ráðgjöf, b.t. Bjarni Reykjafn, Kaupangi v/Mýrarveg, 600 Akureyri